

15.7.2024

Öldungaráð

Efni: Samráðsfundur um skipulagsforsendur fyrir lífsgæðakjarna

Sæl,

Ég sendi þennan póst fyrir hönd starfshóps um starfshóps um skipulagsvinnu og samninga vegna lífsgæðakjarna (sbr. meðfylgjandi erindisbréf), sem skipaður var á fundi borgarráðs 30. apríl 2024. Hlutverk starfshópsins er að hafa yfirsýn yfir þá vinnu á vegum Reykjavíkurborgar, sem og að tryggja að samráð verði haft við viðræðuhóp borgarinnar um hjúkrunarheimili og heilbrigðisráðuneytið varðandi hugsanlega staðsetningu hjúkrunarheimila á viðkomandi reitum. Helstu verkefni hópsins snúa að því að leggja fram skipulagssýn byggð á greiningu á nærliggjandi hverfum í aðdraganda samninga um viðkomandi svæði.

Starfshópurinn hefur síðan í maí verið að móta drög að skipulagsforsendum fyrir þróun og uppbyggingu lífsgæðakjarna, þar sem við leggjum ákveðinn ramma utan um skipulagsvinnuna og helstu áherslur borgarinnar. Við erum komin með fyrstu drög (hér í viðhengi) sem eru verk í vinnslu og okkur þykir mikilvægt að fá sjónarhorn Öldunaráðs inn í vinnuna. Gætum við stillt upp samráðsfundi með ykkur um miðjan/lok ágúst? Við verðum flest komin úr sumarfríi frá og með 12. ágúst.

Með bestu kveðju,



**Margrét Lára Baldursdóttir**

verkefnastjóri sviðsstjóra

Sími: +354 411-1111

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík